

### **Varðandi ákvæði um matsskyldu vegna mats á umhverfisáhrifum.**

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum er tilgreint í viðauka 1 að þaueldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meira og fráveita í ferskt vatn falli í B flokk þ.e. skuli vera tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Skv. reglugerð nr. 600/2015 um mat á umhverfisáhrifum segir í viðauka 1 að þaueldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita í ferskt vatn skuli falla í C flokk þ.e. vera tilkynningaskyld til sveitastjórnar. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hvort framkvæmd sem tilgreind er í C flokki í 1. viðauka, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Veiðifélag Eystri Rangár hefur tilkynnt til Sveitarfélagsins Bláskógabyggðar um umrædda umsókn. Þar sem sveitarstjórn fundar einu sinni í mánuði verður umrætt erindi tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 1. febrúar 2018.

Um leið og niðurstaða sveitarstjórnar liggur fyrir verður hún send Matvælastofnun.